

2510189

From: Arna Ír Gunnarsdóttir
Sent: Monday, October 13, 2025
To: Bragi Bjarnason
Cc: Sigurjón Vídalín Guðmundsson
Subject: Tillaga á dagskrá bæjarráðs

Sæll Bragi.

Óska eftir að eftirfarandi tillaga verði sett á dagskrá á fund bæjarráðs nk. fimmtudag:

"Undirrituð leggur til að mótaðar verði reglur um stofnframlög fyrir Svf. Árborg".

Rökstuðningur:

Veiting stofnframlaga er ætlað að stuðla að því að í boði séu leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, aldraða, fatlað fólk og önnur þau sem ekki geta séð sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda. Afar mikilvægt er að skýr rammi sé utan um umsóknir um stofnframlög, hvernig skal forgangsraða þeim umsóknum sem berast og að tryggt sé að gert sé ráð fyrir stofnframlögum í fjárhagsáætlun hvers árs.

Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista.